

# Lög

## um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 12. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í landskjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

##### 2. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

##### 3. gr.

Í stað orðanna „fyrir störf“ tvívegis í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: fyrir störf og setu.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

##### 4. gr.

Við 4. mgr. 14. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem fulltrúa á í sveitarstjórn ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í kjörstjórninni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

2

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 13. nóvember 2012.*